

140. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 9. apríl 2014 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir, Trausti Baldursson, Sigurður Þórólfsson, Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður. Erla Friðriksdóttir, Magnús A. Sigurðsson og Eiríkur Snæbjörnsson boðuðu forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 139. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Verndaráætlun Breiðafjarðar

Farið var yfir drög að svarbréfi vegna athugasemda sveitarfélaga vegna verndaráætlunar.

Afgreiðsla:

Drögin voru samþykkt með áorðnum breytingum.

Sumarhús í Skáley í Hvammsfirði

Fyrirspurn barst frá skipulags- og byggingarfulltrúa Dalabyggðar um tillögu að sumarhúsi í Skáley.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd bendir skipulags- og byggingarfulltrúa á að nefndin er umsagnaraðili en heimilar ekki framkvæmdir á verndarsvæðinu.

Breiðafjarðarnefnd hefur ekki lagst gegn byggingu húsa í eyjum þar sem áður hefur verið byggð, sbr. vinnureglur Breiðafjarðarnefndar, sjá <http://www.breidafjordur.is/Breidafjardarnefnd/Vinnureglur/index.htm>.

Við ákvörðun um leyfi til byggingar húss í Skáley telur Breiðafjarðarnefnd að hafa eigi eftirfarandi atriði til hliðsjónar:

- Að engin mannvirkjagerð verði nær arnarhreiðri en 500 m í samræmi við 19. gr villidýralaga nr. 64/1994.
- Að framkvæmdatími við mannvirkjagerð, ef af verður, verði utan varptíma arnarins, til að halda umferð í lágmarki á þeim tíma.
- Að landeiganda verði kynntar reglur um umgengni í námunda við arnarhreiður.
- Að fullt samráð verði haft við Minjastofnun Íslands um staðsetningu þannig að tryggt verði að menningarminjum verði ekki spillt.

Breiðafjarðarnefnd vill benda á að nefndinni þykir umfang byggingarinnar mikið miðað við að um er að ræða frístundahús. Auk þess verður ekki séð af innsendum gögnum

hvort byggingarnar falli vel að umhverfi sínu. Bent er á að byggingarnar falla ekki að hefðbundnu formi húsa í Breiðarfjarðareyjum.

Tillaga að svæðisskipulagi Snæfellsness

Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness óskar eftir umsögn um tillögu að svæðisskipulagi Snæfellsness

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar framkominni tillögu að svæðisskipulagi Snæfellsness. Nefndin hefur ekki haft tækifæri til að fara ítarlega yfir svæðisskipulagstillöguna en mun koma að athugasemdum síðar ef ástæða þykir til.

Endurgerð Skarðsbúðar í Bjarneyjum

Bjarneyjar ehf. óska eftir álitni Breiðafjarðarnefndar á endurbyggingu Skarðsbúðar í Bjarneyjum.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við að Skarðsbúð verði endurbyggð í samræmi við framlagðar tillögur. Nefndin gerir ráð fyrir að búðin verði endurbyggð í fullu samráði við Minjastofnun Íslands. Nefndin fagnar jafnframt vönduðum vinnubrögðum við verkefnið.

Ásgeir Gunnar Jónsson vék af fundi undir afgreiðslu málsins.

Umsókn Icelandic Mussel Company ehf. um skeldýrarækt í Djúpafirði

Lagt fram afrit af bréfi Umhverfisstofnunar dags. 25. mars 2014 til Matvælastofnunar um skeldýrarækt í Djúpafirði .

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd hefur ekki fengið send nein gögn um málið önnur en afrit af bréfi Umhverfisstofnunar og getur því ekki tekið afstöðu til málsins. Starfsmanni nefndarinnar er falið að óska eftir frekari upplýsingum frá Matvælastofnun. Arnheiður Jónsdóttir vék af fundi undir afgreiðslu málsins.

Fyrirspurn frá Rannsóknasetri HÍ á Snæfellsnesi

Árni Ásgeirsson og Thomas Holm Carlsen frá Rannsóknasetri HÍ á Snæfellsnesi kynntu verkefni þeirra um kortlagningu gróðurfars í eyjum á Breiðafirði og svöruðu spurningum nefndarmanna um verkefnið.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd samþykkir að styrkja verkefnið um 500.000 kr. Gerður verður samningur við Rannsóknasetur HÍ á Snæfellsnesi. Formanni falið að vinna að málinu.



Önnur mál

Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 14:00. Næsti fundur verður haldinn 13. maí 2014.